



Ræða forseta Íslands  
Ólafs Ragnars Grímssonar  
í opinberri heimsókn í Vestur-Skaftafellssýslu  
Kirkjubæjarklaustri  
8. maí 1998

Góðir samkomugestir  
Heiðruðu Skaftfellingar

Á ferð um ykkar fagra hérað sækir saga þjóðarinnar að fornu og nýju sterkt á hugann.

Hér eru örlagaslóðir Hjörleifs, fóstbróður hins fyrsta landnámsmanns.

Hér dvöldust papar og tilbáðu Krist rökri öld áður en trú var tekin á þingi.

Hér voru klaustur og höfuðkirkjur, æskuslóðir biskupsefna og sálmaskálda.

Hér glímdi þjóðin um aldir við hamfarir náttúrunnar og stendur sá hildarleikur reyndar enn.

Hér hlaut sál Íslendinga eldskírni, samvitund okkar varð að traustu bjargi sem eigi bifast þótt öldurót umbreytinga í nútíð og framtíð færi okkur sífellt nýjar þrautir.

Sérhver þjóð verður að búa að kjölfestu eigi sigling hennar að reynast farsæl og færa ungum og öldnum gæfu og þroska. Sjálfsvitundin verður að hafa traustar rætur eigi nýjar kynslóðir að halda áttum og ávaxta vel þann arf sem erfiði fyrri tíðar hefur skapað.

Í aðdraganda aldamóta, þegar mannkyn heilsar nýju árþúsundi í annað sinn frá fæðingu frelsarans, þegar í hönd fara undratímar með tæknibyltingum á öllum sviðum mannlegs lífs og þekkingar, þá er eðlilegt að fámenn þjóð spyrji sjálfa sig áleitinna spurninga, spurninga um kjarnann í tilveru okkar sem þjóðar, kjarnann í sjálfstæði okkar og menningu þegar heimurinn allur er orðinn samfelld markaðssvæði og fréttir af örlögum orafjarri berast jafnskjótt og frásagnir innan þorpsins forðum.

Heimkynni Skaftfellinga hafa löngum varðveitt svör sem eiga nú jafn brýn erindi við þjóðina alla og áður; svör sem geyma samnefnarann í sögu lands og þjóðar; svör sem minna okkur á hvernig tign fjallanna, kraftur fljótanna, víðáttusýn til jökla og sanda, heiðarblóm og fagurgrænar brekkur

mynda hljómkviðu einstæðrar náttúru; svör sem tengja dýrgripi og djásn menningar okkar, bókmennta og lista við arfleifð og mannlíf í heimkynnum fjölmargra völanda hugar og handa sem þjóðin hefur eignast.

Hér í sýslunni getur þjóðin jafnan vitjað uppruna síns og notið hins tignarlega sjónleiks sem íslensk náttúra býður hverja stund, sérhvern dag, ár og aldir, í senn heillandi og ógnvekjandi.

Lakagígar, Múlakvísl, Kúðafljót og Katla sem ásamt Heklu er drottning gosfjalla á heimsvísu, Núpsvötn, Skaftáreldahraun, Reynisdrangar, Dyrhólaey, Mýrdalsjökull og sandar Skeiðarár og Meðallands.

Nöfnin eru eins og nótnaborð sköpunarverksins, ásláttur í örlagasinfóníu náttúrunnar sem veitt hefur Íslandi einstæðan sess í vistkerfi jarðar.

Í eldra testamenti helgrar bókar er okkur kennt að Guð hafi skapað heiminn á sex dögum og síðan tekið sér hvíld. Sá er gallinn á þessari frásögn að almættið gleymdi Íslandi þegar kom að hvíldinni. Hér hélt sköpunin áfram frá einu árþúsundi til annars, öld af öld, allt til þessa dags og áfram enn um langa framtíð.

Sköpun heimsins er hér enn í fullum gangi og óvíða með slíkum glæsibrag sem í Skaftafellssýslu vestri.

Ný eldfjöll í skjóli jökla, íshallir á svörtum söndum, nýtt land við árósa og Katla ávallt í viðbragðsstöðu, tilbúin að kenna okkur og mannkyni öllu þá lexíu að samanlögð tækni og vísindi hafi enn ekki gert manninn að herra náttúrunnar. Eða Skaftáreldarhraunið, hið mesta sem runnið hefur á gervallri jörðinni síðan menn hófu að skrá sögu sína. Öskurykið féll þá á akra í konungsríkinu franska, mistrið barst í lofti um Rússland, yfir Úralfjöll til Asíu.

Skaftafellssýsla geymir fjársjóð dæma um undraöfl sem búa í iðrum jarðar; hún er vettvangur sannkallaðrar heimssýningar á sköpunarkrafti náttúrunnar.

Gestir frá fjarlægum löndum fyllast lotningu þegar þeir dvelja hér um slóðir, festa í sálu sinni einstæða náttúru sem fylgir þeim alla ævi. Þið Skaftfellingar eru gæslumenn undrasvæða sem æ fleiri munu vilja sækja heim á nýrri öld, gæslumenn ekki aðeins í þágu okkar þjóðar heldur líka í vaxandi mæli heimsbyggðarinnar allrar.

Sú varðstaða skapar vissulega skyldur en líka tækifæri til nýrrar atvinnusóknar og fjölþættara mannlífs. Breytingar á lífsgildum og gæðamati í ferðaþjónustu víða um veröld hafa fært okkur Íslendingum nýja möguleika til að nýta sérstæða náttúru landsins í þágu bættra lífskjara og blómlegri byggða án þess að skerða í nokkru þá eðalkosti sem gera Ísland að ævintýrastað í augum útlendinga.

Ný viðhorf hafa breytt mati á auðlindum. Stórfljót og eyðisandar sem áður voru farartálmi eru nú segull sem dregur að ferðalanga frá fjarlægum löndum. Afskekktar byggðir búa nú að auðlegð nýrra tækifæra, einmitt vegna einangrunar sem áður var hindrun en er nú aflvaki nýrrar þróunar.

Það er ánægjuefni að finna í heimsókn okkar Guðrúnar Katrínar hvernig þið hafið öðlast djúpan skilning á þessari breyttu heimsmynd, hvernig þið hyggist halda til móts við nýja öld með virðingu fyrir umhverfi og náttúrugæðum að veganesti.

Vistvænir búskaparhættir í nágrenni náttúruperlna sem hvergi eiga sinn líka í veröldinni er leið sem byggir á nýju gildismati, kröfum nýrra kynslóða um heilbriggt líf og hollustu. Fjöldaframleiðsla sem hefur magnið eitt að leiðarljósi felur í sér áhættu, truflun á eðlilegum takti gróðurs, ræktunar og eldis. Æ fleiri eru nú reiðubúnir að gjalda hátt verð á markaði ef tryggt er að varan varðveitir hæstu gæði lífræns vaxtar.

Í þessari þróun eiga landbúnaður sýslunnar og ferðaþjónusta framtíðarinnar ótvíræða samleið að tekjulindum sem áður voru næsta óþekktar. Við Íslendingar gerum okkur ekki nægilega grein fyrir því hve einstök aðstaða okkar og gæfa eru í augum fólks sem býr í milljónaborgum heimsálfanna, þótt auður þess sé oft svo mikill í reiðufé og verðbréfum að ekki nái nokkurri mælistiku sem þekkt er í okkar samfélagi.

Náttúran og óspillt gæði hennar, vistvænar afurðir, hollur matur og heilbrigði, vatn úr fjallalindum, hreint loft, fögur jöklasýn, víðáttan litrík og stórbrotin – allt er þetta í hugum milljóna frá ólíkum heimshlutum slíkur fjársjóður að gestir okkar skilja lítt hvers konar auðna fylgir Íslendingum að eiga í árdaga nýs árþúsunds slíkt land, slíka fósturjörð.

Í þeirri gæfu felst í senn auðlegð og atvinnutækifæri sem okkur ber að nýta með skynsemi og fyrirhyggju. Þar getið þið Skaftfellingar verið í fararbroddi og fært öðrum byggðum verðug fordæmi.

Og hér er sagan líka fjársjóður, náma, uppspretta lærdóms og fyrirmynnda.

Í aðdraganda hátíðar sem helguð verður þúsund ára kristni í landinu er vert að horfa ekki aðeins til Þingvalla þar sem þjóðin mun saman minnast merkra tímamóta, heldur svipast einnig um í heimabyggð og nema á ný kristnisögu héraðsins, skoða gamlar kirkjur og kirkjugripi, altarástöflur, kaleika, klukkur, krossa, kertahjálma og aðra helga muni sem varðveittir eru í sóknnum sýslunnar, vitnisburður um ríkulegt samspil menningar, listfengis, hagleiks og trúar í heimabyggð.

Misserin sem í hönd fara eru kjörinn tími að hefja til vegs kristnisögu byggðanna, héraða og sýslna og efla á þann hátt vitund heimamanna um merka arfleifð.

Hér í Skaftafellssýslu vestri er óvenjuríkur efniviður í slíka héraðshátíð kristinna manna, dýrðardaga trúar og tilbeiðslu, þakkargjörð til þeirra Skaftfellinga sem gert hafa sögu og hefðir íslenskrar kristni að uppsprettum menningar og lærdóms.

Hér sátu papar, lofsungu Krist og verndarmátt Guðs, komnir langt að yfir úfið haf.

Hér voru klaustrin öflug og merk, í senn þjóðlegar stofnanir og hlekkir í heimsveldi kirkjunnar.

Hér dvaldist Eysteinn munkur Ásgrímsson höfundur Lilju sem allir vildu kveðið hafa, helgikvæðis sem er meðal gimsteina í skáldskaparskríni evrópskra miðalda.

Héðan komu biskupar, margir og magnaðir að trú og lífsspeki. Þorlákur hinn helgi á biskupsstóli fyrir átta öldum og er þó enn í huga okkar ár hvert á messuhátíð hans daginn fyrir jólakvöldið. Brandur ábóti sem síðar sat með biskupsvald á Hólum og Gissur biskup Einarsson í Skálholti um hálfu árþúsundi eftir kristnitöku.

Mér er til efs að mörg önnur héruð geti gert jafn ríkulegt tilkall til hlutdeildar í biskupatali Íslendinga og er þó ónefndur hinn virti og vitri biskup á okkar tíð, herra Sigurbjörn Einarsson, fæddur og uppallinn hér á Meðallandinu, kennimaður með afbrigðum og gjafmilt sálmaskáld, sú fyrirmynd sem kemur í huga Íslendinga þegar biskups er getið – og hefur nú hin skaftfellska ætt á liðnum vetri fært þjóðinni á ný biskup sem rekur uppruna sinn og ættir í tignarrann jökla og sanda hér um slóðir.

Og má þá eigi á Kirkjubæjarklaustri gleyma að geta eldklerksins séra Jóns Steingrímssonar sem hafði sigur í glímunni við glóandi hraunið, annálað dæmi úr þjóðarsögu um mátt messu og trúar á vegamótum hamfara og kristni, náttúru og manns.

Á þúsund ára kristnihátíð ber okkur að kveikja í huga okkar að nýju þessa merku sögu, annála trúar og tilbeiðslu, kirkju og kristinnar menningar í héraði og heimasýslum sem og á helgistað þjóðarinnar, Þingvöllum.

Ég veit að hér um slóðir verður þeirri merku sögu kristni og kirkju sem tengd er áttögum Skaftfellinga sýndur sá sómi sem hún verðskuldar með þakkargjörð til kynslóðanna sem skópu um aldir efnisþætti í erindisbréf sjálfstæðrar þjóðar.

Við Guðrún Katrín höfum vissulega notið þessa dags enda er hún hér á æskuslóðum með fjársjóð minninga í farteskinu frá sumardögum í Hrífunesi; föðurættin tengd héraðinu sterkum böndum og Guðrún Katrín sífellt að segja mér afrekssögur forfeðra sinna og mæðra sem hér glímdu við ægivald náttúrunnar, þótt frægust sé kannski undankoma bóndasonar í Hrífunesi sem var á leið í Álftaver þegar Katla sýndi mátt sinn fullveldisárið og kappinn og hundur hans storkuðu hlaupinu áður en brúna tók af.

Þetta hefur vissulega verið dýrlegur dagur og við þökkum ykkur veglegar móttökur og fróðlega leiðsögn, hlýhug og vináttu sem við höfum fundið í heimsókninni.

Við óskum ykkur heilla og vonum að gæfan fylgi ávallt Skaftfellingum.